AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði hinn 1. nóvember 2004 við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 713/2004.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Fljótsdalshérað.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. nóvember 2004.

Árni Magnússon.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamþykkta á sviði lyfjamála.

1. gr.

Ensk útgáfa Evrópsku lyfjaskrárinnar (European Pharmacopoea 5th Edition) ásamt viðaukum gildir hér á landi sbr. 1. mgr., 6. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

2. gr.

Skrá og staðlar fyrir hráefni í lyf, sem eru í gildandi dönskum lyfjastöðlum (DLS; Danske Lægemiddelstandarder) eru í gildi hér á landi, sbr. 2. mgr., 6. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

Ákvæði um framleiðslu lyfja í dönskum lyfjastöðlum (DLS) eru í gildi hér á landi.

3. gr.

Leiðbeiningar Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar um góða starfshætti í lyfjabúðum (GPP; Good Pharmacy Practice) gilda hér á landi.

4. gr.

Leiðbeiningar Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar um gæðavottun lyfja til útflutnings (Certification Scheme on the Quality of Pharmaceutivcal Products moving in International Commerce) gilda hér á landi.

5. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi við birtingu, jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 226/1997 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. nóvember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.